



4. mars 2021  
Tilvísun: 2101034

Dreifibréf til aðila sem reka eða markaðssetja sjóði um sameiginlega fjárfestingu til annarra en fagfjárfesta hér á landi

Númer: 13/2021

**Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um árangurstengdar þóknanir í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum**

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um árangurstengdar þóknanir í verðbréfasjóðum og tilteknum sérhæfðum sjóðum (ESMA34-39-992). Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES. Markmið þeirra er að stuðla að frekari samleitni og stöðlun á sviði árangurstengdra þóknana og eftirlits lögbærra yfirvalda.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglurnar ná til verðbréfasjóða í rekstri rekstrarfélaga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða í rekstri starfsleyfisskyldra rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Viðmiðunarreglurnar hafa verið í gildi innan Evrópu frá 5. janúar 2021.

Viðmiðunarreglurnar veita rekstrarfélögum og rekstraraðilum leiðbeiningar við hönnun á líkönum fyrir árangurstengdar þóknanir fyrir þá sjóði sem þeir reka. Útreikningar á árangurstengdum þóknunum ættu að vera framkvæmdir þannig að þeir tryggi að árangurstengdar þóknanir séu alltaf í réttu hlutfalli við raunverulega fjárfestingarafkomu sjóðsins.

Samkvæmt viðmiðunarreglunum eiga rekstrarfélög og rekstraraðilar að innleiða og viðhalda ferli sem er yfirfarið reglulega til að geta sýnt fram á að árangurstengdar þóknanir séu í samræmi við markmið og fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Þá er mikilvægt að fjárfestar séu nægjanlega upplýstir um tilvist árangurstengdra þóknana og um möguleg áhrif þeirra á ávöxtun fjárfestingarinnar. Skýrt skulu koma fram í útboðslýsingum, lykilupplýsingum (KIID) og, ef við á, öllum fyrirliggjandi upplýsingaskjölum

og markaðsefni allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera fjárfestum kleift að skilja uppbyggingu árangurstengdra þóknana og hvernig þær eru reiknaðar.

Viðmiðunarreglurnar útfæra nánar 14. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 (UCITS), sbr. lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, eins og ákvæðið er nánar útfært í 22. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB, sem var innleidd með reglugerð nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Þar er m.a. kveðið á um skyldu rekstrarfélags til að þjóna hagsmunum verðbréfasjóðs og eigendum hlutdeildarskírteina sbr. einnig 19. gr. laga nr. 128/2011 um góða viðskiptahætti og venjur.

Fram kemur í viðmiðunarreglunum að þær gildi einnig um tiltekna sérhæfða sjóði skv. 43. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (AIFMD), sbr. lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Í 78. gr. laganna kemur fram að rekstraraðilum með starfsleyfi sé heimilt að markaðssetja hér á landi fjárfestingarsjóð til almennra fjárfesta. Í 65. gr. laga nr. 45/2020 kemur fram að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) geti heimilað rekstraraðilum með staðfestu og starfsleyfi innan EES, sem rekur sérhæfða sjóði, að markaðssetja þá til almennra fjárfesta á Íslandi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þá er í 19. gr. laga nr. 45/2020 kveðið á um almenn skilyrði fyrir starfsemi rekstraraðila sérhæfðra sjóða, þ.á m. að rekstraraðili skuli viðhafa eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

Dreifibréf þetta mun birtast á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til rekstrarfélaga verðbréfasjóða og starfsleyfisskyldra rekstraraðila sérhæfðra sjóða að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.


Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:

<https://www.esma.europa.eu/document/guidelines-performance-fees-in-ucits-and-certain-types-aifs>


Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit



Páll Friðriksson  
framkvæmdastjóri  
markaðir og viðskiptahættir



Aðalsteinn Eymundsson  
forstöðumaður  
markaðir og viðskiptahættir